

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 263/2010 um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Í stað orðanna „geta veitt umsögn“ í 4. másl. 3. mgr. 3. gr. kemur: samþykkt hafa að veita umsögn.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

- a) Á eftir 1. mgr. bætist við ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:  
Rektor er heimilt að skipa sérstaka dómnefnd við mat á umsækjanda um framgang, mæli sérstök rök fyrir því. Um sérstakar dómnefndir gildir að háskólaráð tilnefnir tvo nefndarmenn og deild sú eða stofnun sem starfið er við hinn þriðja og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.
- b) 3. másl. 4. mgr. fellur brott.
- c) Í stað dagsetningarinnar „1. mars“ í lok 7. mgr. kemur: 1. maí.

#### 3. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. apríl“ í lokamálsgrein 5. gr. kemur: 1. júní.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

- a) Á eftir d-lið 1. tölul. 2. mgr. bætist við nýr stafliður, e-liður, svohljóðandi:  
A10.5 (einkaleyfi).
- b) Á eftir 5. másl. 1. tölul. 3. mgr. bætist við nýr máslíður, svohljóðandi:  
Sérstaklega skal líta til virkni í rannsóknum síðustu fimm ár áður en umsókn um framgang var lögð fram.
- c) Neðst í upptalningu á flokkum rannsóknahluta matskerfis í töflu 3 bætist við orðið: Einkaleyfi.

#### 5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar samkvæmt heimild í 4. gr., 15. gr. og 17. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 9. september 2013.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*